

# Hvernig á að stofna útibú erlends félags á Íslandi, hlutafélags eða einkahlutafélags ?

## Stofnun útibús erlends félags á Íslandi

### - hlutafélags eða einkahlutafélags

Erlent félag sem vill stofna útibú á Íslandi þarf að koma tilkynningu til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra með eftirfarandi upplýsingum:

- |                                |   |
|--------------------------------|---|
| 1. Heiti útibús                | Heiti útibúsins skal vera nafn erlenda félagsins að viðbættu: útibú á Íslandi. Dæmi: Ef félag heitir <b>Hydro Pro Ltd.</b> , þá verður heiti útibúsins: <b>Hydro Pro Ltd., útibú á Íslandi.</b> |
| 2. Heimilisfang á Ísl.         |   |
| 3. Tilgangur útibúsins         |   |
| 4. Útibússtjóri                | Nafn, kenntala og heimilisfang.   |
| 5. Firmariton/<br>prókúruumboð | Útibússtjóri skuldbindur félagið skv. lögum (sjá 2. mgr. 140. gr. hfl), en félagsstjórn getur jafnframt veitt prókúruumboð.   |

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma um erlenda félagið sem er stofnandi:

- |                          |   |
|--------------------------|---|
| 6. Stofnandi             | Nafn, lögheimili, skráningarnúmer og skráningardagur.                                 |
| 7. Lagalegt form         | Rekstrarform erlenda félagsins, þ.e. hvort félagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. |
| 8. Dagsetning samþykktar |   |
| 9. Hlutafé               |   |
| 10. Tilgangur            |   |
| 11. Stjórn               |   |

Tilkynningu skal senda til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og skal hún undirrituð af útibússtjóra. Eftirfarandi fylgiskjöl þurfa að fylgja tilkynningunni:

- Stofnsamningur og samþykktir erlenda félagsins í íslenskri þýðingu
- Skráningavottorð, þ.e. staðfesting á skráningu erlenda félagsins í heimalandi þess.
- Búsetuvottorð, þ.e. ef útibússtjóri er búsettur erlendis.
- Starfsumboð. Stjórn erlenda félagsins veitir starfsumboð fyrir útibússtjóra auk prókúruumboðs.
- Ársreikningur, þ.e. síðasti ársreikningur erlenda félagsins.

Kostnaður við skráningu greiðist við afhendingu gagna.